

Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, kr. 800,00 í ómaksbætur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 185/1958. Sementsverksmiðja ríkisins

(Guttormur Erlendsson hrl.)

gegn

bæjarstjóra Akranesskaupstaðar

f. h. bæjarsjóðs (Ben. Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Visan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1958.

Í máli þessu hefur stefndi krafizt þess, „að viðurkennd verði með dómi skylda stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins til þess f. h. verksmiðjunnar að greiða bæjarsjóði Akraness byggingarleyfisgjöld samkvæmt gildandi byggingarsamþykkt Akraness fyrir byggingar verksmiðjunnar á Akranesi“. Þar sem fjárhæð dómkröfu þessarar er eigi tiltekin, er krafan ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda eftir kröfu hans málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar f. h. bæjar-sjóðs, greiði áfryjanda, Sementsverksmiðju ríkisins, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akranesskaupstaðar 4. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. nóvember sl., hefur bæjar-sjóður Akraness höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 26. maí 1958, gegn stjórn Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi til greiðslu á byggingarleyfisgjöldum til bæjarsjóðs skv. gildandi byggingarsamþykkt kaupstaðarins vegna bygginga verksmiðjunnar á Akranesi.

Málavextir eru þeir, að Sementsverksmiðjan hefur reist á Akra-nesi miklar byggingar. Gjöld fyrir byggingarleyfi bæjarsjóði til handa hefur hin stefnda Sementsverksmiðja algerlega neitað að greiða, og ber hún fyrir sig ákvæði í 7. gr. laga um Sements-verksmiðju ríkisins, nr. 35 frá 1. apríl 1948, en í þessari grein segir svo: „Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opin-berum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs.“

Af hálfu stefnanda, bæjarsjóðs Akraness, er því haldið fram, að hérgreint ákvæði nái ekki til gjalds fyrir byggingarleyfi stefndu til handa, og sé hún því skyld til að greiða nefnt gjald.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Ágreiningsefnið, greiðsluskyldu stefndu á gjaldi til bæjar-sjóðs fyrir byggingarleyfi stefndu til handa, hafa málsaðiljar lagt undir úrskurð réttarins.

Svo sem áður er bent á hér á undan, er 1. mgr. 7. gr. laga um Sementsverksmiðju ríkisins, nr. 35 frá 1/4 1948, svo hljóðandi: „Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs.“

Við útskýringu á, hvaða gjöld sé hér um að tefla, hefur verið haldið fram, að nokkur munur sé á sköttum og opinberum gjöld-um. Orðin „opinber gjöld“ séu viðtækari orð en skattar og nái einnig yfir þau gjöld, sem ætlazt sé til, að þjónusta komi fyrir, sbr. Hrd. XXVIII, 423. bls. Mætti þar til nefna skoðunargjöld skipa, véla, bifreiða, dómsmálagjöld og þess háttar. Eftir orð-anna hljóðan getur undanþáguákvæði 7. gr. laga um Sements-verksmiðju ríkisins einnig tekið til allra þessara gjalda. Fram-kvæmdin hefur þó orðið sú, að verksmiðjan hefur greitt fyrir slíka þjónustu, svo sem önnur fyrirtæki gera hvarvetna á land-

inu, enda hljómar það nokkuð hjákátlega, að eitt fyrirtæki, þótt rikiseign sé, geti krafizt endurgjaldslaust, jafnt af bæjarfélögum sem öðrum stofnunum, mikillar og vandasamrar þjónustu og vinnu. Það virðist augljóst, að löggjafinn ætlast ekki til þess, að endurgjald fyrir mikilsverða þjónustu, enda þótt veitt sé af bæjarfélagi, eigi að teljast „opinber gjöld“ í því sambandi, sem 7. gr. laga nr. 35/1948 til tekur. Það er alkunnugt, að Akraness-bær hefur í sinni þjónustu bæjarverkfræðing, sem jafnframt er byggingarfulltrúi. Hann skal yfirfara allar teikningar að húsum og mannvirkjum í kaupstaðnum og sannreyna, hvort þær eru í samræmi við byggingarsamþykkt kaupstaðarins. Hann hefur eftirlit með því, að ákvæði byggingarsamþ. um styrkleika og gerð húsa og mannvirkja séu haldin, og innir af hendi mikilvægt leiðbeiningarstarf í því sambandi fyrir þá, sem hlut eiga að máli í hvert skipti. Loks annast byggingarfulltrúi staðsetningu húsa og mannvirkja og mælingu lóða og landa í því sambandi. Fyrir þessi störf tekur bæjarfélagið gjald af hverri byggingu í eitt skipti fyrir öll. Eins og kunnugt er, fást yfirleitt uppdrættir að húsum ekki áritaðir og byggingarleyfi ekki afhent í höfuðborginni og flestum kaupstaðanna, nema byggingarleyfisgjaldið sé greitt um leið. Upplýst er, að Áburðarverksmiðjan, sem hefur skv. 9. gr. laga nr. 40 23. maí 1949 nákvæmlega eins orðaða undanþágu frá greiðslu skatta og opinberra gjalda, hefur samt greitt bæjar-sjóði Reykjavíkur öll tilskilin byggingarleyfisgjöld, enda mundi Áburðarverksmiðjan varla hafa fengið áritaðar byggingarteikningar afhentar, án þess að þetta gjald væri greitt um leið.

Ekki sést neins staðar, að reglur um byggingarleyfisgjöld á Akranesi hafi verið staðfestar af Stjórnarráði Íslands, en ráð er fyrir þeim gert í byggingarsamþykkt bæjarins. (Þau eru nú kr. 0,75 á rúmmetra nýbyggðra húsa.) Enginn vafi getur á því leikið, að gjald þetta er ákveðið fyrir veitta mikilsverða þjónustu og vinnu, enda var gjaldið heimilað með lögum um byggingarsamþykktir, nr. 19 frá 20. okt. 1905, og verður varla álitid, að löggjafinn hafi með því haft í huga fyrst og fremst skattlagningu til almennra þarfa. Gjaldið er skv. þeim lögum bersýnilega heimilað til þess eins að standast kostnaðinn við störf byggingar-nefnda og fulltrúa þeirra.

Rétturinn er þeirrar skoðunar, að byggingarleyfisgjöld, þótt af opinberum aðilja séu á lögð, séu einvörðungu — eða að langmestu leyti a.m.k. — endurgjald fyrir vinnu og þjónustu, sem bæjarfélagið lætur inna af höndum á móti. Ber samkv. því að

dæma stefndu greiðsluskylda til bæjarsjóðs Akraness í þessu tilviki og skylda hana til þess að greiða byggingarleyfisgjöld til stefnanda, svo sem farið hefur verið fram á í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefnda greiði stefnanda kr. 3.000,00 — þrjú þúsund krónur — í málskostnað.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, er skylt fyrir verksmiðjunnar hönd að greiða stefnanda, bæjarsjóði Akraness, gjald fyrir veitt byggingarleyfi fyrir hús og mannvirki stefndu í Akranesskaupstað.

Stefnda greiði stefnanda, bæjarsjóði Akraness, 3.000,00 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 117/1957. Neytendasamtökin,
Sveinn Ásgeirsson,
Gunnlaugur Þórðarson,
Gísli Þorkelsson,
Gunnar Björnsson,
Valdimar Jónsson,
Elsa Guðjónsson,
Gunnar Friðriksson,
Halldóra Eggertsdóttir,
Pétur Pétursson,
Sveinn Ólafsson,
Snorri P. Snorrason,
Þórhallur Halldórsson

og

Arinbjörn Kolbeinsson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Kolbeini Þorsteinssyni & Co.

og

Gústaf A. Sveinssyni f. h. Hvile Vask